



## Rafmagnsmælar (Hafnarfjörður og Vestmannaeyjar)

### Upplýsingar á skjánum.

Kamstrup raforkumælarnir koma þannig útbúnir að skjár mælanna sýnir þrennskonar stöðu og hver staða birtist í 10 sek. í senn.

Staða 1.8.0 (sjá mynd 1) sýnir hvað viðskiptavinur hefur notað mikið rafmagn í kWh, viðskiptavinur greiðir miðað við þessa tölu.



Staða 1.7.0 (sjá mynd 2) sýnir hvað viðskiptavinurinn er að nota mikið rafmagn í kW, þ.e. upplýsingar til viðskiptavinar um hvað hann er að nota mikið rafmagn þá stundina.





Staða 1.6.0 (sjá mynd 3) sýnir hvað viðskiptavinurinn er að nota mikið rafmagn í kW, þ.e. upplýsingar til viðskiptavina hver sé mesta notkun á rafmagnni sem viðskiptavinur hefur notað þann mánuðinn.



### Raforkuafhendingarstaða mælis.

Þetta ljós segir til um raforkuafhendingarstöðu mælis





Staða veitu	Tákn á mæli
Veitan tengd, straumur á	Ekkert ljós
Veitan aftengd, straumlaust	Rautt stöðugt ljós
Veitan klár fyrir endurtengingu	Rautt blikkandi ljós

Pegar veitan er tengd þá er ekkert ljós á merkinu.

Ef það logar rautt stöðugt ljós þá hefur raforkuafhending verið rofin og þar af leiðandi er veitan aftengd.

Ef það er rautt blikkandi ljós þá er mælirinn í þeirri stöðu að endurtenging er heimil. Þá er hægt að spennusetja veituna með því að þrýsta á græna hnappinn.

